

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á
stofnundi Vaxandi – Miðstöðvar um samfélagslega nýsköpun.
Haldið í sal Þjóðminjasafns Íslands fimmtudaginn 21. nóvember
2019 kl. 10.00**

Þórdís Reykfjörð Gylfadóttir, atvinnu- og nýsköpunarráðherra,
góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að segja fáein orð um mikilvægi
nýsköpunar við Háskóla Íslands hér á þessum á stofnundi
Vaxandi – miðstöðvar um samfélagslega nýsköpun.

Segja má að í víðum skilningi sé allt háskólastarf nýsköpunarstarf,
enda er það meginhlutverk háskóla að afla nýrrar þekkingar,
miðla henni og hagnýta hana. Þetta blasir við þegar horft er yfir
sögu Háskóla Íslands. Frá stofnun skólans árið 1911 hefur hann
brautskráð yfir fimmtíu þúsund nemendur með sérhæfða
þekkingu á nær öllum fræðasviðum og á öllum námsstigum og
með því lagt grundvöllinn að því að Ísland braust úr örbirgð og
fábreyttum atvinnuháttum og að hér varð til lýðræðislegt
velferðarsamfélag sem er í fremstu röð í heiminum. Fullyrða má
að leitun sé að öðrum háskóla í heiminum sem hefur haft jafn
mikil áhrif á samfélag sitt og atvinnulíf.

Í þrengri skilningi hefur Háskóli Íslands stuðlað að nýsköpun með
fjölbreyttum rannsóknum starfsmanna og nemenda sem hafa
skilað miklum vísindalegum og efnahagslegum áhrifum. Í því
sambandi hefur til skamms tíma einkum verið horft til greina á
borð við verkfræði, raunvísinda, lyfjafræði og annarra

heilbrigðisgreina þar sem tækifærin til hagnýtingar þekkingarinnar eru hvað áþreifanlegust.

Á síðustu árum hefur þó orðið mikil breyting hér á og augu fólks í vaxandi mæli opnast fyrir þeim gríðarlegu möguleikum sem felast í skipulegu nýsköpunarstarfi og hagnýtingu hugvits einnig á öðrum sviðum, hvort sem er innan hug-, mennta- eða félagsvísinda. Jafnframt hefur síaukin áhersla verið lögð á þverfræðilegt og alþjóðlegt samstarf á sviði nýsköpunar, enda blasir við að allar helstu áskoranir samtímans taka hvorki mið af landamærum né hefðbundnum mörkum einstakra fræðigreina heldur verður þeim aðeins mætt með því að leggja saman alla tiltæka þekkingu og í samstarfi vísindamanna úr öllum fræðigreinum, stjórnvalda og almennings.

Það er því fagnaðarefni að við skulum vera saman komin hér í dag til að undirrita sameiginlega viljayfirlýsingu nýsköpunarráðherra, Háskóla Íslands og Almannaheilla, samtaka þriðja geirans um eflingu samfélagslegrar nýsköpunar. Markmið viljayfirlýsingarinnar er ekki síst að skapa vettvang til að virkja með skipulegum hætti þá miklu grósku sem á sér stað víðsvegar í samfélaginu í þágu samfélagslegrar nýsköpunar. Viljayfirlýsingin er því mikilvægt skref til að valdefla þann mikla félagsauð sem býr í samfélagi okkar. Með kraftmiklu nýsköpunarstarfi stuðlum við saman að farsælu samfélagi og auknum lífsgæðum okkar allra. Ég er því fullviss um það að Háskóli Íslands mun vera sterkur bandamaður við að raungera viljayfirlýsinguna.

Góðir gestir. Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem lagt hafa sitt af mörkum til að þessi viljayfirlýsing er nú orðin að veruleika. Sérstaklega vil ég þakka atvinnu- og nýsköpunarráðherra og prófessorunum Ómari H. Kristmundssyni og Steinunni Hrafnisdóttur, fyrir þeirra framlag.

Takk fyrir og gangi ykkur vel!